

- a. Fastagjöld:
1. Gróðurhús 100 m<sup>2</sup> og stærri, kr. 168,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
  2. Önnur hús kr. 66,70 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjöld:
1. Gróðurhús kr. 39,16 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
  2. Önnur hús kr. 111,67 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimædagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m<sup>3</sup> kr. 15 824,00,

Hús 300—2 000 m<sup>3</sup> kr. 15 824,00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 11,74 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m<sup>3</sup> kr. 35 776,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> og kr. 9,76 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 1 594,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1331 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Porlákshafnar nr. 269 28. maí 1980, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 484,01 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 24,27 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimædargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gald. Heimædagjöld eru miðuð við þáttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimædargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimædargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 17\,145,00 + 18,70 \times V.$$

Hér tákna H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 25\,744,00 + 27,94 \times V.$$

Hér tákna H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 319,40 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli kr. 15,98 pr. tonn.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- |   |            |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 58,00  |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" .....                   | kr. 116,30 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....            | kr. 232,10 |

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

- |                                    |  |
|------------------------------------|--|
| Allt að 400 m <sup>3</sup> kr.     | 18 465,00.   |
| 400— 2 000 m <sup>3</sup> kr.      | 18 465,00 + kr. 14,80 pr. m <sup>3</sup> þar yfir. |
| 2 000— 6 000 m <sup>3</sup> kr.    | 42 109,00 + kr. 12,75 pr. m <sup>3</sup> þar yfir. |
| 6 000—10 000 m <sup>3</sup> kr.    | 92 658,00 + kr. 11,05 pr. m <sup>3</sup> þar yfir. |
| Meira en 10 000 m <sup>3</sup> kr. | 136 756,00 + kr. 9,60 pr. m <sup>3</sup> þar yfir. |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 2 223,00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.